

**Ávarp Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við undirritun  
samkomulags um deiliskipulag og kynningu með starfsmönnum í Borgarleikhúsinu  
1. febrúar 2006**

Góðir tilheyrendur, menntamálaráðherra, ágætu starfsmenn Landspítala og Háskóla Íslands og aðrir góðir gestir.

Það er ánægjulegt að sjá ykkur öll hér saman komin, ánægjulegt þegar við tökum enn eitt skrefið í áttina – enn einn áfangann í uppbyggingu nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Spítala sem verður hvoru tveggja, þjónustustofnun og þekkingarmiðstöð.

Fámennisins vegna er og verður Landspítalinn fyrirferðarmeiri í heilbrigðisþjónustunni en annars staðar þekkest. Sú staða felur í sér bæði kosti og galla. Spítalanum er falin mikil ábyrgð, en um leið eru lagðar á hann miklar skyldur. Stöðu spítalans vegna er ábyrgðin og skyldurnar meiri en gengur og gerist um stofnanir af svipaðri stærð.

Enn eitt skrefið er stigið með samningnum sem við vorum að ganga frá um deiliskipulagið. Skref segi ég þótt málið sé á blússandi siglingu, eins og sagt er.

Það gætir smávægilegs misskilnings um þá miklu framkvæmd sem við bindum öll miklar vonir við. Misskilnings sem stundum skýtur upp kollinum á opinberum vettvangi af því einhverjir kjósa að stilla veröldinni á haus.

Þegar ákveðið var að byggja upp við Hringbraut hafði þegar verið tekin ákvörðun um að flytja brautina. Hún var ekki flutt vegna spítalans. Öðru er nú haldið fram. Mig minnir meira að ég hafi átt þátt í því sem fjárlaganefndarmaður að afgreiða fjárveitingar til flutningsins löngu áður en staðarvalsnefndin komst að niðurstöðu sinni.

Að skipa staðarvalsnefnd undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðismálaráðherra, var eitt af fyrstu embættisverkum mínum, enda taldi ég afar brýnt að taka ákvarðanir sem flýttu og auðvelduðu lokahnykkinn í sameiningu spítalanna í Reykjavík.

Nefndin skoðaði fjóra kosti, uppbyggingu **á Vífilstaðalandi**, í **Fossvogi**, á núverandi **Landspítalalóð** við Hringbraut og á lóð **sunnan** gömlu Hringbrautarinnar. Niðurstaða hennar er í stuttu máli að öll starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss verði á einum stað, við Hringbrautina, og að nýbyggingar framtíðarinnar risi aðallega sunnan núverandi Hringbrautar.

Þegar ég fór yfir röksemdir nefndarinnar og kynnti mér forsendurnar komst ég að sömu niðurstöðu og hún. Rökkin voru enda afar sannfærandi.

Kostnaðurinn við uppbygginguna við Hringbraut verður lægstur miðað við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið svo munar allt að tíu milljörðum króna, m.a. vegna **bygginganna** sem fyrir eru á lóðinni og nýta má til starfseminnar, **nálægð** við Háskóla Íslands var talin mikilvæg, möguleikar til **áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu** eru tryggðir, leið þeirra sem nýta sér þjónustu spítalans og starfsmanna verður greið, þegar gatnakerfi hefur verið lagfært, og allt umhverfið er afskaplega skemmtileg og framkvæmdin öll var talin verða mikil **lyftistöng** fyrir þróun miðborgarinnar.

Þetta eru þung rök og gild, sem við megum ekki gleyma og okkur ber að minna menn á.

Nálægðin við Háskóla Íslands, sem hyggst reisa byggingar fyrir heilbrigðisvísindadeildir, þekkingarþorp, og rannsóknastofnanir eiga eftir að styðja mjög við kennslu- og fræðahlutverk Landspítalans um leið og slíkt eflir heilbrigðisþjónustu í landinu.

Í stuttu máli má segja að þegar öll starfsemi Landspítalans er komin á sama stað mun starfsemin ganga betur og skilvirkni í starfseminni aukast til heilla fyrir land og þjóð.

Góðir gestir.

Ákvörðunin um að 18 milljarðar króna af söluandvirði Símans rynnu til uppbyggingar nýs spítala við Hringbraut fól í sér mikil tímamót. Hér ákvað ríkisstjórnin að lögð skyldi fram sérstaklega há upphæð til framkvæmda, sem ekki er tekin frá öðrum verkefnum heilbrigðisþjónustunnar. Þetta ber mönnum að hafa hugfast. Við erum hér að tala um viðbótarfé til uppbyggingarinnar til þess í framtíðinni að bæta

heilbrigðisþjónustuna, styrkja rannsóknar- og þróunarstarf og skjóta með beinum og óbeinum hætti styrkir stöðum undir þjónustu- og fræðahlutverk spítalans, eða eins og ég sagði við annað tækifæri: Hér erum við að skila þjóðinni aftur þeim verðmætum sem þjóðin skóp með áþreifanlegum og varanlegum hætti.

Í ákvörðuninni felst að 18 milljörðum króna verður varið til uppbyggingar ný spítala á Landsspítalalóðinni á árunum 2008 - 2012. Með framlaginu er unnt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja aðstöðu fyrir slysa- og bráðaþjónustu og koma upp aðstöðu fyrir rannsóknarstarfsemi.

Það er mikilvægast að sameina á einn stað slysa-og bráðaþjónustuna sem þjónar landinu öllu. Það er mikilvægt að einmitt á þessu sviði þar sem álag á sjúka, aðstandendur og síðast en ekki síst starfsfólk sem vinnur undir miklu álagi og tímapressu, að einmitt á þessu sviði búum við þeim sem hér eru nefndir bestu skilyrði. Jafn brýnt er að byggja yfir rannsóknarstarfsemina á einum stað, en sú starfsemi er í senn forsenda fyrir flókinni lækniþjónustu við sjúka og veigamikill þáttur í öllu vísindastarfi sem fram fer á heilbrigðissviði í landinu.

Nýr Landspítali er flókin framkvæmd og það felst í fyrirætluninni mikil áskorun fyrir heilbrigðisyfirvöld, stjórnendur og alla starfsmenn spítalans. Það verður að vanda mjög framkvæmdina og það er nauðsynlegt að taka með sér allan þann góða farangur af reynslu og þekkingu úr fortíðinni inn í þá framtíð sem blasir við. Þess vegna er notendavinnan sem hefst með þessum fundi afar mikilvæg.

Það er líka mikilvægt fyrir framkvæmdir eins og byggingu nýs spítala sem tekur langan tíma að um þær skapist breið almenn flokkspólítísk og fagleg samstaða og um þess framkvæmd er almenn pólitísk samstaða, sátt um uppbyggingu þungamiðju heilbrigðisþjónustunnar. Ég nefni þetta vegna þess að flokkadrættir og deilur tefja venjulega verk sem í okkar tilviki bitnar fyrst og fremst á þeim sem þurfa á þjónustunni að halda í næstu framtíð, og það getur líka orðið okkur til trafala við framþróun háskóla- og þekkingarsamfélags. Í þessu sambandi vil ég taka fram til að forða misskilningi að ég er með orðum mínum ekki að gerast talsmaður réttshugsunar af neinu tagi. Og ég treysti framkvæmdanefndinni sem stjórn mun verkinu fyrir mína hönd og annarra að hlusta vel eftir skoðunum starfsmanna og ekki síður almennings til þess meðal annars að varðveita þá breiðu sátt sem eru um þessa miklu framkvæmd.

Í framkvæmdanefndinni er Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi, formaður, Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur er varaformaður, og með þeim skipa nefndina: Kristín Ingólfssdóttir, rektor, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri, Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Magnús Pétursson, forstjóri, og Björn Ingi Sveinsson, verkfræðingur. Nefndinni er falin mikil ábyrgð og skyldurnar er ríkar eftir því, en ég er ekki í nokkrum vafa um að undir þessari styrku stjórn verður unnið gott verk.

Góðir gestir – ágætu starfsmenn. Von mín er sú að nú leggist menn saman á áramnar og rói jafnt á bæði borð. Starfsmenn, stjórnendur og stjórnvöld.

Eins og allir vita er mikið verk og flókið framundan. Að verkinu munu koma bæði innlendir menn og útlendir, eins og kemur fram hér í undirritun samnings um deiliskipulagsins. Og af því hér eiga líka danskir hönnuðir og hagleiksmenn í hlut þá er rétt að nefna að ekki er óþekkt að íslensk-dönsk samvinna og samstarf fæði af sér gott verk og því fagna ég aðkomu fyrirtækis CF Möllers að uppbyggingunni.

Sá sem skóp Litlu hafmeyjuna, eitt af kennileitum Kaupmannahafnar handan nýja óperuhússins sem frægt er og umtalað, hét Edvard Eriksen. Hann var sonur Svanfríðar Torfadóttur frá Brekku í Langadal vestur við Djúp. Um hann var sagt að með honum og bestu íslensku listamönnunum hafi verið það ættarmót, að sjálfur væri hann stórum minna frægur en verk hans.

Og um þá sem leggja hönd á plóg við uppbyggingu nýs Landspítala vonast ég til að segja megi það sama; að byggingin sú verði stórum frægari, en mennirnir sem reistu hana.

Með því hugarfari reisum við mikinn spítala og góðan.

**(Talað orð gildir)**